



Áveitan

8. tbl. 19. árgangur. Ágúst 2026

**LEIKJAKVÖLD
ÞJÓTANDA**

Leikjakvöldin halda áfram í ágúst!
annars vegar fyrir krakka í 1.-6.bekk
(fædd 2014-2019) og hins vegar fyrir
7.bekk og eldri (2013 og eldri).

Yngri æfingar - Þriðjudögum kl: **19:30-20:30** -
Við Flóaskóla

Eldri æfingar - Miðvikudögum kl: **20-21/21:30** -
staðsetning auglýst á Facebook (Leikjakvöld Þjótanda)

Þjálfarar eru Guðmunda, Hanna Dóra og Helgi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.

halla@floahreppur.is

845-9719

Oddný Ása Ingjaldsdóttir

odnyasa@gmail.com

865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur

Áveitunnar

Sumarsólin hefur loksins sýnt

sig síðustu daga eftir frekar vætusamt

sumar í Flóahreppi.

Það hefur ýmislegt áunnist í sumar í

sveitarfélaginu. Framkvæmdir eru í gangi út

um allt, bæði hjá íbúum og landeigendum og hjá sveitarfé-

laginu. Það er ánægjulegt að sjá og staðfestir að það sé mikill

áhugi á fjölbreyttri uppbyggingu á svæðinu. Uppbygging ýtir

undir verðmætasköpun sem styrkir okkur sem samfélag og

sem sterkt og sjálfstætt sveitarfélag.

Vinnuskólinn hefur verið starfandi frá miðjum júní og hafa

unglingarnir unnið undir styrkri stjórn verkstjóranna þeim

Ólöfu Völu Heimisdóttur og Þórunni Sturludóttur Schacht.

Hér má sjá stutta samantekt frá verkstjórum vinnuskólans:

Vinnuskóli Flóahrepps hófst 11. júní og starfaði til 30. júlí

sumarið 2026. Vinnuskólinn sinnti fjölbreyttum verkefnum

víðsvegar um sveitina. Vinnan fólst aðallega í að snyrta í

kringum félagsheimilin þrjú í hreppnum, Flóaskóla og Krakka-

borg. Einnig var farið í kirkjugarðana og gert fínt og snyrtilegt

þar. Helstu verkefni sumarsins voru að reyta illgresi, snyrta

hellulögn, grisja tré, fást við gróðursetningu og ruslatínslu. Þegar veðrið leyfði var slegið og rakað. Það var þó ekki þurrkur marga daga og var pollagallinn vel nýttur í sumar. Krakkarnir stóðu sig þó með prýði hvernig sem viðraði og gekk sumarið mjög vel. Seinasta dag vinnuskólans, 30. júlí, var skemmtidagur þar sem við fengum lasertag til okkar í Þingborg og haldin var þrautakeppni. Við grilluðum líka pulsir og létum renna í heitu pottana. Við þökkum krökkunum kærlega fyrir sumarið og vonum að þau hafi það gott. Bestu kveðjur, Ólöf Vala og Þórunn

Líkt og áður hefur komið fram eru framkvæmdir í gangi víða á vegum sveitarfélagsins. Framkvæmdir við klæðningu utan-húss í Þjórsárverri eru langt komnar, breytingar vegna bættis aðgengis fyrir alla á skrifstofu eru í fullum gangi, verið er að klára jarðvinnu undir nýtt áhaldahús sveitarfélagsins í Heiðargerði og jarðvinna og afmörkun vinnusvæðis vegna viðbyggingar við Flóaskóla er langt komin. Verið er að leita tilboða í malbikun á nýjum körfuboltavelli við Flóaskóla og stefnt er að því að klára yfirborðsfrágang í nýrri íbúðarbyggð við Þingborg á komandi vikum sem og að koma fulllkominni hreinisistöðniður fyrir hverfið. Vonandi verður hægt að auglýsa lóðir til úthlutunar á komandi vikum. Til viðbótar við þessi verkefni eru ýmis verkefni í gangi við að styrkja vatnsveitu og sinna umsóknum um ný tengingar við vatnsveituna og ljósleiðarakerfið.

Þar sem framkvæmdir eru í gangi við bætt aðgengi á skrifstofu sveitarfélagsins næstu daga og vikur má vænta þess að opnunartími skrifstofu geti eitthvað raskast sökum þess. Starfsmenn skrifstofu verða þó við störf og svara síma á hefðbundnum tíma (9:00-13:00 alla virka daga frá 4. ágúst) og svara tölvupóstum við fyrsta tækifæri.

Starfsmenn skrifstofu Flóahrepps eru:

Anna Dóra, ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Dagný, aðalbókari og launafulltrúi: dagny@floahreppur.is

Hulda, sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Árni, oddviti: arni@floahreppur.is

Leikskólinn Krakkaborg opnar eftir sumarlokun þann 12 ágúst. Á meðan á sumarlokun stóð þurftu iðnaðarmenn að sinna viðgerðum vegna vatnsleka sem varð í vor. Viðgerðum er að fullu lokið og væntum við þess að ekki verði frekari röskun á leikskólastarfi sökum þessa afmarkaða leka.

Skrifstofa Flóaskóla opnar þriðjudaginn 4. ágúst, sumarfrí-stund opnar 17. ágúst fyrir 1.-4. bekk (fyrir skráð börn) og skólasetning verður 25. ágúst.

Sveitarstjórn kemur næst saman til fundar þann 18. ágúst. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir skulu berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is ekki síðar en kl. 12:00 föstudaginn 14. ágúst.

Við hlökkum til komandi mánaða enda margt spennandi að gerast í okkar frábæra sveitarfélagi!

Hafið það sem allra best
Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

Gönguferðir 60 +

Gönguferðir 60 + íbúa og brottfluttra verða á hverjum miðvikudegi í sumar kl.18.

Í ágústmánuði verða göngurnar á eftirfarandi stöðum.

- | | |
|------------------|---|
| 5. ágúst | Ganga með Einari og Ellu Veigu í Egilsstaðakoti. |
| 12. ágúst | Sólmyrkvi á Íslandi þá tökum við okkur frí. |
| 19. ágúst | Ganga með bræðrunum Bjarna og Hafsteini í Túni. |
| 26. ágúst | Ganga með Helenu Hólm í Skálatjörn. |

Verum dugleg að mæta og hreyfa okkur í sumar.

ÞJÓTANDA FATNAÐUR




Nú er loksins hægt að kaupa Þjóttandafatnað á netinu beint frá Jako Sport. Þjóttandi hefur aukið úrvalið af íþróttafatnaði merktum félaginu.

Sjá meira inná, <https://jakosport.is/thjotandi>

Frá reiðtúr Umf Þjótanda

Mánudaginn 27. júlí sl stóð ungmennafélagið Þjótandi fyrir sínum árlega reiðtúr. Að þessu sinni var riðið með fram Hvítá á Flóaáveitunni þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur. Brynjar Þormóðsson var fararstóri. 56 knapar mættu í reiðtúrinn sem tókst í alla staði vel.





Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum 10.-11.ágúst 2026

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum verður haldið á Selfossvelli dagana 10.-11. ágúst. Tímaseðil mótsins má sjá á mótaforritinu Roster Athletics. Mótið er skráð sem Globlalacalendar mót og gilda því þeir árangrar sem nást á mótinu sem lágmörk á stórmót.



Þátttökuréttur

Mótið er héraðsmót og er stigakeppni milli aðildarfélaga sambandsins. Aðeins félagar í aðildarfélögum HSK geta safnað stigum og unnið héraðsmeistaratitil. Gestapátttaka er heimil á mótinu. Í hlaupagreinum eru gestakeppendur látnir hlaupa í sér riðlum séu þeir skráðir tveir eða fleiri. Í lágréttum stökkum og köstum fá gestir einungis þrjár tilraunir og koma stöllu jafna ekki áfram í úrslit. Ef keppendur úr aðildarfélögum HSK eru færri en átta talsins þá komast þeir gestir sem eiga besta árangurinn áfram í úrslit þangað til búið er að fylla úrslitasætin átta.

Aðeins keppendum 13 ára og eldri er heimil þátttaka á mótinu.

Keppnisgreinar

Konur og karlar fyrri dagur: 100m, 400m, 1500m, hástökk, þrístökk, spjótkast, sleggjukast

Konur og karlar seinni dagur: 100/110 m grind, 200m, 800m, 4x100m boðhlaup, langstökk, stangarstökk, kringlukast, kúluvarp.

Óskir um aukagreinar þurfa að berast fyrir mánudaginn 3. júlí.

Tímaseðill

Mótshaldari áskilur sér fullan rétt til breytinga á tímaseðli á mótssstað ef aðstæður og keppendafjöldi gefur tilefni til. Nafnakall fer fram á keppnisstað 10 mínútur fyrir keppni-viðkomandi greinar. Forföll ber að tilkynna í upphafi hverskeppnisdags.

Skráningarfrestur og skráningarfyrirkomulag

Skráningarfrestur er til 24:00 fimmtudaginn 6. ágúst og skráningar skulu berast til Hönnu Dóru á hannadora-hoskulds@gmail.com fyrir þann tíma. Keppendur meiga keppa til stiga í að hámarki sex greinum utan boðhlaups. Þátttökugjald fyrir keppendur utan HSK er 2300kr á hverja grein og er greitt beint í gegnum Roster viðskráningu.

Verðlaun

Þrír fyrstu í hverri grein fá verðlaun, auk þess verða veitt-eftirfarandi sérverðlaun: Stigahæsti karl, stigahæsta kona og stigahæsta félag. Gestapátttakendur geta ekki unnið tilverðlauna.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmunda Ólafsdóttir mótssstjóri í síma 846-9775 eða gudmunda89@gmail.com.



Meistaramót Íslands 11-14 ára í Borgarnesi

Meistaramót Íslands 11-14 ára verður haldið 15.-16.ágúst í Borgarnesi á Skallagrímsvelli, drög að tímaseðli eru komin inn á <https://meets.rosterathletics.com/public/competitions/details/schedule?id=29570>

Skráningarfrestur

Skráningar skulu berast til Hönnu Dóru á hannadorahoskulds@gmail.com fyrir klukkan 23:59 mánudaginn 10.ágúst.

Keppnisgreinar eru eftirfarandi

Pilta- og stúlknaflakkar 11-12 ára, fjölbrautarfyrirkomulag: **Fyrri dagur:** 400m, langstökk og spjót kast. **Seinni dagur:** 60m, hástökk, kúluvarp og 4x100m blandað boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflakkar 13-14 ára **Fyrri dagur:** 80m, 2000m, 300m grindahlaup, þristökk, hástökk og kúluvarp. **Seinni dagur:** 300m, 800m, 80m grindahlaup, langstökk, spjót kast, kringlukast og 4x100m boðhlaup.

Félagsbúningar, keppnisnúmer og afhending keppnisgagna

Keppendur skulu klæðast félagsbúningum sínum í keppni og bera keppnisnúmer að framan, nema í stangarstökki og hástökki er leyfilegt að hafa númerið á baki. Keppnisgögn eru afhent á keppnisstað.

Stökk og köst

Í flokkum 11-12 ára fá allir keppendur 4 tilraunir

Í flokkum 13-14 ára fá allir keppendur 3 tilraunir og 8 bestu að loknum þrem umferðum fá 3 tilraunir til viðbótar

Stigakeppni

Stigakeppnin fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 10 stig og koll af kolli þannig að 10. sæti fær 1 stig.

Gisting

Það verður boðið upp á gistingu fyrir HSK en frekari upplýsingar með það koma síðar en ef spurningar vakna má senda á Hönnu Dóru - hannadorahoskulds@gmail.com.



FLÓAHREPPUR

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður við ESB



DAGSETNING

29. ÁGÚST 2026



KJÖRSTAÐUR

ÞJÓRSÁRVER



KJÖRSTAÐUR OPNNN

9:00 – 20:00

YFIRKJÖRSTJÓRN FLÓAHREPPS

Úrslit móta

Gautaborgarleikar

25.-28. júní 2026 - Slottsskogsvallen

Flottur hópur frá HSK skellti sér til Gautaborgar í lok júní þar sem keppt var á Gautaborgarleikunum á Slottsskogsvallen.

Fjórir keppendur frá Þjótanda tóku þátt og stóðu sig með prýði en það voru þau Guðbjörg Erla Annýjardóttir, Helgi Reynisson, Kristján Reynisson og Ottó Ingi Annýjarson. Reynslumikil ferð að baki hjá þessum unga hóp, til hamingju með árangurinn.

Helgi Reynisson

Stangarstökk - 3,60 - 6.sæti

Hástökk - 1,80m - 8.sæti PB

200m - 25,98sek - 33.sæti PB

Langstökk - 5,62m - 20.sæti

Guðbjörg Erla Annýjardóttir

80m - 13,88sek - 104.sæti PB

300m - 58,19sek - 66.sæti

Langstökk - 3,16m - 84.sæti

Kristján Reynisson

80m - 12,13sek - 67.sæti PB

Hástökk - 1,30m - 46.sæti PB

Langstökk - 4,55m - 48.sæti

Kringlukast - 24,91 - 13.sæti

Spjót kast - 23,34m - 27.sæti

Ottó Ingi Annýjarson

80m - 12,99sek - 73.sæti PB

80m grind (83,8cm) - 17,36sek - 25.sæti

Langstökk - 3,50m - 69.sæti PB



Bikarkeppni 15 ára og yngri **11.júlí 2026 - ÍR völlurinn**

HHF-HSK/Selfoss keppti með sameiginlegt lið á Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri þar sem eitt stúlknalið og tvö drengjalið stóðu sig með þrýði. Góður árangur náðist á mótinu og lenti liðið í 2.sæti með 89 stig í heildarstiga-keppninni. Þjótandi var með þrjá keppendur á mótinu þau Kristján Reynisson sem keppti í kringlukasti og langstökki og Guðbjörgu Erlu og Ottó Ingi sem voru varamenn.

Kristján Reynisson

Kringlukast - 26,12m - 4.sæti PB

Langstökk - 4,44m - 5.sæti PB



100. Meistaramót Íslands **24.-26. Júlí 2026 - ÍR völlurinn**

Helgi Reynisson

Hástökk - 1,68m - 8.sæti

Fréttir frá Flóaskóla



Sumarið hefur verið nýtt til að mála töluvert í skólahúsnæðinu, bæði inni í skólabyggingunni en líka í Þjórsárveri og í húsnæði frístundar. Eins eru hafnar framkvæmdir við viðbyggingu skólans.

Nú er framundan undirbúningur skólastarfs. Skrifstofa skólans opnar þriðjudaginn 4. ágúst, frá 8:00-14:00 og stjórnendur verða við störf frá þeim tíma. Kennarar sinna endurmenntun og undirbúningi í ágúst og aðrir starfsmenn koma að ýmsum undirbúningi ásamt því að sinna sumarfrístund. Hún opnar kl 10:00 mánudaginn 17. ágúst og verður síðan opin frá 8:00-16:00 alla daga fram að skólabyrjun.

Skólasetning Flóaskóla verður þriðjudaginn 25. ágúst í Þjórsárveri kl 10:00, gert er ráð fyrir að nemendur mæti með forráðamönnum sínum. Skólahald hefst síðan samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 26. ágúst og skólaakstur hefst líka þann dag.

Föstudaginn 28. ágúst ætlum við að hafa Fjölskyldudag í Flóaskóla. Líkt og í fyrrahaust þá eru nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk hvött til að koma ríðandi á hestum í skólann. Nemendur sem koma með skólabílum mæta kl 9:00 í skólann. Dagskrá Fjölskyldudagsins hefst síðan kl 9:30. Hið árlega Flóamót, samstarfsverkefni skólans og ungmennafélagsins verður haldið þennan dag auk þess sem ýmislegt annað er í boði.

Við horfum með tilhlökkun til komandi vetrar
Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Dagskrá mánaðarins:

Skrifstofa Flóahrepps opnar	4. ágúst
Skrifstofa Flóaskóla opnar	4. ágúst
Leikjakvöld yngri	4. ágúst
Leikjakvöld eldri	5. ágúst
Gönguferð 60 + Egilsstaðakot	5. ágúst
Héraðsmót HSK	10. - 11. ágúst
Leikjakvöld yngri	11. ágúst
Leikjakvöld eldri	12. ágúst
Leikskólinn Krakkaborg opnar	12. ágúst
Meistaramót Íslands 11 - 14 ára	15. - 16. ágúst
Fundur sveitarstjórnar	18. ágúst
Leikjakvöld yngri	18. ágúst
Leikjakvöld eldri	19. ágúst
Gönguferð 60 + Tún	19. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	25. ágúst
Leikjakvöld yngri	25. ágúst
Leikjakvöld eldri	26. ágúst
Gönguferð 60 + Skálatjörn	26. ágúst
Fjölskyldudagur Flóaskóla	28. ágúst
Þjóðaratkvæðagreiðsla	29. ágúst

